

Ágæti skólastjóri.

Í þessu bréfi viljum við fara yfir nokkur atriði sem vert er að minna á í aðdraganda endurfyrirlagnar á samræmdum könnunarprófum í íslensku og ensku í 9. bekk.

Fjarfundir

Fjarfundir verða haldnir næstu daga en sá fyrsti fer fram á morgun, **miðvikudaginn 18. apríl kl. 10.00**. Þar verður farið yfir framkvæmd prófanna og svarað spurningum. Vinsamlegast skráið þátttöku með því að senda tilkynningu á gunnhildur.steinarsdottir@mms.is
Næstu fjarfundir verða **mánudaginn 23. apríl kl. 14.30** og **föstudaginn 27. apríl kl. 14.30**.

Val á dagsetningum prófanna

Við minnum skóla á að senda Menntamálastofnun þær dags- og tímasetningar er þeir hyggjast leggja prófin fyrir á netfangið noi.kristinsson@mms.is sem fyrst, eða í síðasta lagi fyrir 23. apríl nk.

Skráning undanþága og stuðningsúrræða

Lokafrestur á skráningu undanþága og stuðningsúrræða er til og með 23. apríl. Skráningar á stuðningsúrræðum og undanþágum frá því í mars sl. munu gilda áfram fyrir prófin í apríl/maí og í haust.

Skólagátt – muna að fara yfir nemendaskráningu og kennaraaðgang

Mikilvægt er að uppfæra nemendaskráningu í Skólagátt fyrir 23. apríl. Til dæmis að skrá inn nýja nemendur og taka út þá sem eru ekki lengur í skólanum. Vinsamlegast sendið nöfn og kennitölur brottfluttra nemenda og nemenda utan skóla á skolagatt@mms.is merkt *Brottluttir nemendur og nemendur utan skóla*. Þjónustuver Menntamálastofnunar sér um að færa þá utan skóla. Einnig er mikilvægt að eyða aðgangi kennara sem ekki eru starfandi í skólanum skólaárið 2017-2018. Sjá leiðbeiningar [hér](#).

Eiga fleiri í skólanum að fá tölvupósta frá Menntamálastofnun?

Menntamálastofnun sendir bréf á skólastjóra og önnur netföng, hafi þess verið óskað. Það er mikilvægt að bréfin frá okkur komist til skila og því hvetjum við skólastjóra til að senda auka netfang á gunnhildur.steinarsdottir@mms.is.

Með kveðju,
Sverrir Óskarsson,
sviðsstjóri matssviðs.